

Velferðarnefnd  
Alþingi

Reykjavík 5. desember 2019

**Umsögn með frumvarpi til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sbr. þingskjal 1362 – 319. mál.**

Hagstofan styður efni frumvarpsins, sérstaklega hvað varðar hlutverk nýrrar stofnunar við rekstur húsnæðisgrunns og rafrænnar byggingagáttar, sbr. 15.gr. Í því samhengi er rétt að benda á að opinber hagskýrslugerð hefur mikla hagsmuni af samræmdum og skýrum skilgreiningum og vinnsluferlum enda má ætla að það skili betri stjórnsýslugögnum á málefnasviði nýrrar stofnunar og þar með bættum upplýsingum.

Í 6. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007, og skyldum greinum sömu laga í II. kafla um söfnun upplýsinga, kemur fram að Hagstofu Íslands er ætlað að nýta stjórnsýslugögn til hagskýrslugerðar sé þess nokkur kostur og er heimilt að óska eftir breytingum á stjórnsýsluskram til að gögn nýtist sem best í þeim tilgangi. Hagstofan hefur að öðru leyti heimild til að sækja upplýsingar beint til einstaklinga. Aðgangur Hagstofu Íslands að stjórnsýslugögnum er því grundvallaratriði hagskýrslugerðar og felst úrvinnsla Hagstofunnar á stjórnsýslugögnum öðru fremur í því að umbreyta þeim í tölfraðigögn. Í þeirri vinnu skiptir miklu máli að gögnin séu samræmd og fylgi þekktum skilgreiningum þannig að sem minnstur þjagi og óvissa sé um niðurstöður. Upplýsingar um húsnæði og mannvirki skipta höfuðmáli fyrir þjóðhagsreikninga, manntal og aðra tölfraði um húsnæðismál og lífsskjör almennings.

Í því samhengi vill Hagstofan benda á að í 6.gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 kemur fram að stjórnvöld „sem afla gagna og halda skrár eða gagnasöfn vegna starfsemi sinnar skulu veita Hagstofunni upplýsingar úr þeim sem hún óskar eftir vegna hagskýrslugerðar sinnar og án þess að gjald komi fyrir“. Því verður að líta sem svo á að réttur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til gjaldtöku skv. 16.gr. frumvarps eigi ekki við um Hagstofu Íslands. Rétt er að hnykkja á því í frumvarpi eða skýringum til að koma í veg fyrir vafa þess efnis. Því er lagt til að við 16.gr. bætist textinn:

*Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta gögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til hagskýrslugerðar og skal Húsnæðis- og mannvirkjastofnun láta Hagstofu Íslands í té gögn og upplýsingar eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir.*

Vinsamlegast

f.h. Hagstofu Íslands

Hrafnhildur Arnkelsdóttir  
sviðsstjóri